



Skorradalshreppur
Hvanneyrargötu 3
311 Borgarnes

Dagsetning **19. apríl 2024**
Málsnúmer IRN24030010

Framkomin beiðni um skipan raflínunefndar vegna Holtavörðuheiðarlínu 1

Ráðuneytinu hefur borist meðfylgjandi erindi Landsnets, dags. 1. mars sl., þar sem lögð er fram beiðni um skipan sérstakrar raflínunefndar á grundvelli 9. gr. a skipulagslaga, nr. 123/2010, vegna Holtavörðuheiðarlínu 1. Ráðuneytið vísar einnig til meðfylgjandi bréfs þess til Landsnets frá 12. apríl sl. varðandi málið og svars fyrirtækisins, dags. í dag.

Áður en málið verður tekið til frekari afgreiðslu óskar ráðuneytið eftir afstöðu Skorradalshrepps til hinnar framkomnu beiðni Landsnets. Er þess óskað að hún berist ráðuneytinu, ásamt rökstuðningi eftir því sem við á, eigi síðar en mánudaginn 6. maí nk.

F.h. ráðherra


Hildur Dungal


Ólafur Kr. Hjörleifsson

Afrit: Landsnet